



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**598. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 10. febrúar 2025
og hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Einar Þorsteinsson, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi fyrir hönd Mosfellsbæjar.

Einar Þorsteinsson formaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - 2409007

Framhald frá umræðum 597. fundar. Framkvæmdastjóri kynnir stöðu málsins. Áætlað er að fyrirbyggjandi drög að stofnskjölum nýs félags um rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu verði tekin til afgreiðslu á fundi stýrihóps um verkefnið þriðjudaginn 11. febrúar, þ.m.t. athugasemdir sem borist hafa frá sveitarfélögunum. Að því loknu verði stofnskjöl félagsins send sveitarfélögunum til umræðu og afgreiðslu.

Gestir

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi

Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri umhverfissvið Kópavogsbæjar

Niðurstaða:

Umræður. Að fenginni afgreiðslu stýrihóps er framkvæmdastjóra falið að senda fyrirbyggjandi drög að stofnskjölum hins nýja félags, ásamt þá áorðnum breytingum, til sveitarfélaganna til umræðu og afgreiðslu. Jafnframt skal senda sveitarfélögunum fyrirbyggjandi minnisblað, að gerðum breytingum til samræmis við umræður fundarins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:45.